Félagmiðstöðin Frosti

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 4
Helstu dagsetningar 4
- Ágúst 4
- September 4
- Október 4
- Nóvember 4
- Desember 4
- Janúar 4
- Febrúar 4
- Mars 4
- Apríl 4
- Maí 4
- Júní 4
- Júlí 4

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagmiðstöðvarinnar Frosta auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Í Frosta er unnið markvisst með lýðræði og virka þátttöku í barna og ungmenna. Þau eru hvött til að koma með hugmyndir að verkefnum, viðburðum og skipuleggja mánaðardagskrá Frosta sjálf og fá stuðning til að útfæra eigin hugmyndir og hafa þannig raunveruleg áhrif á starfið.

Í Frosta er reglulega boðið upp á fjölbreytta viðburði sem þar sem börn koma að undirbúningi og bera ábyrgð á ýmsum verkefnum. Félagsmiðstöðvar í hverfinu eru einnig dugleg að skipuleggja sameiginlega viðburði.

- Það er unnið markvisst með lýðræði og virka þátttöku barna og ungmenna í öllu starfi Frosta
- Ungmenni hafa áhrif á starfsemina með því að koma með hugmyndir að verkefnum og viðburðum. Þau fá ábyrgð, sýna frumkvæði og sjálfstæði.
- Mánaðardagskrá er mótuð í samráði við börnin sem fá aðstoð til að gera viðburð að veruleika.
- Boðið er upp á fjölbreytta viðburði og klúbba sem höfða til ólíkra áhugasviða
- Gott samstarf er á milli félagsmiðstöðva í hverfinu og eru haldnir sameiginlegir viðburðir milli hverfa.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Ekki hefur verið virkt félagsmiðstöðvarráð í Frosta undanfarin ár, en gott samstarf er á milli nemendaráðs Hagaskóla og Frosta og situr starfsmaður frá félagsmiðstöðinni alla fundi.
- Frosti hefur fært anga sína út í alla miðstigsskólana í hverfinu og myndast þar tækifæri til betri tengingar við bæði starfsfólk skólans og börnin.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: *Foreldrar í starfi*	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Virkja foreldra í starfi sem og í viðhorfskönnunum.
Tækifæri til umbóta.	Þátttaka foreldra hefur verið misgóð. Það væri gott að nýta sem flestar leiðir til að virkja þau í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
Aðgerðir til umbóta.	Vera með gott upplýsingaflæði til foreldra. Senda reglulega út upplýsinga tölvupósta. Halda foreldra hermi þar sem við bjóðum foreldrum að mæta á kvöldopnun einungis fyrir þau. Senda tímanlega út viðhorfskannanir á foreldra.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 - júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetið eftir viðhorfskannanir
Viðmið um árangur.	Að minnsta kosti 20 foreldrar taki þátt í foreldrahermi. Svarhlutfall foreldra í viðhorfskönnun hækki frá fyrra ári og að minnsta kosti 80% svarenda telji sig fá góðar upplýsingar um starf í Frosta.

Heiti aðgerðar: *Foreldrarölt*	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Virkja foreldra í foreldrarölt um hverfið.
Tækifæri til umbóta.	Foreldrarölt hefur legið í dvala og kominn tími á að virkja það aftur.
Aðgerðir til umbóta.	Halda fræðslu ásamt skólanum um forvarnir og mikilvægi foreldrarölts. Vera í samstarfi við foreldrafélag skólans. Senda mánaðalega út tölvupóst með skráningu, upplýsingar um foreldrarölt og vettvangsstarfs handbók.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 - júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat væri um mánaðarmót hver og farið yfir skráningu foreldra í foreldraröltið.
Viðmið um árangur.	Skráning í foreldrarölt.

Heiti aðgerðar: *Mæting miðstigs*	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bæta mætingu hjá miðstigi í öllum 10-12 ára skólunum.
Tækifæri til umbóta.	Mæting hjá miðstigi hefur verið misgóð eftir skólum. Það er ágæt mæting á sameiginlegum opnunum. Þörf á að finna leiðir til að efla mætingu á þeim opnunum sem eru í hverjum skóla fyrir sig.
Aðgerðir til umbóta.	Starfsfólk Frosta gengur í bekki og kynnir dagskrá Frosta. Hengja upp dagskrá inni í skólunum. Vera með viðveru í skólunum fyrri part dags. Endurskoða opnunartíma út frá tómstundastarfi barnanna.
Ábyrgð	Stjórnendur og 100% starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 - júní 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetið væri annan hvern mánuð. Farið væri yfir mætingu hjá krökkunum með dagskrána til hliðsjónar.
Viðmið um árangur.	Mæting á opnanir.

Heiti aðgerðar: *Klúbbastarf Frosta*	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Auka framboð á opnum klúbbum. Þrír klúbbar eru í boði núna, handavinnuklúbbur, listaklúbbur og DJ-klúbbur.
Tækifæri til umbóta.	Fá fjölbreyttari klúbba sem unnir eru í samtali og samstarfi við börn og unglinga út frá áhugasviði og þarfagreiningu.
Aðgerðir til umbóta.	Við erum með starfsfólk með mismunandi bakgrunn í ýmsum listum og íþróttum. Hægt væri að fá starfsfólk inn fyrr þar sem er pláss fyrir klúbbastarf
Ábyrgð	Starfsfólk Frosta
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetið um áramótin. Hægt er breyta klúbbunum eftir áramót og vinna með áhugasvið annarra starfsmanna
Viðmið um árangur.	Hversu vel klúbbarnir eru sóttir og fá endurmat unglinga sem sækja klúbbana.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Breytingar á miðstigsstarfi:

Á starfsárinu voru gerðar breytingar á miðstigsstarfi félagsmiðstöðvar Frosta. Starfið var flutt inn í Vesturbæjar-, Mela- og Grandaskóla fyrir nemendur í 5. Og 6. Bekk með það að leiðarljósi að auka aðgengi barna að félagsmiðstöðvarstarfi og styrkja tengsl barnanna sem og starfsfólks skólana við Frosta. Misvel gekk að koma starfinu af stað en nú eru öll kefli farin að rúlla.

Nemendum í 7. bekk fá að upplifa Frosta í Hagaskóla þar sem þar sem félagsmiðstöðin er staðsett og fá þannig smjörþefinn að því að vera á unglingastigi og byggja upp tengsl áður en þau hefja sína skólagöngu í Hagaskóla.

Jaðaríþróttaklúbbur:

Á síðasta starfsári var virkur jaðaríþróttaklúbbur þar sem sjö strákar í mismunandi stöðu félagslega komu saman að prófa ýmsar íþróttir til að nefna, klifur, ökuhermi, MMA, Hoppland á Akranesi og hjólabretti. Einblínt var að styrkja strákana félagslega, sjálfsmynd þeirra og á sama tíma upplifa skemmtun sem er ekki sjálfsagt að upplifa. Í gegnum klúbbinn mynduðust sterkari tengsl sín á milli og starfsfólks og fengu strákarnir tækifæri til að vinna úr óöryggi og fagna litlu sigrunum saman!

Á þessu starfsári er stefnt að því að vera með jaðaríþróttaklúbb fyrir stelpur, með svipuðu sniði og klúbburinn sem starfrækur fyrir drengi á síðasta ári. Markmiðið er að skapa öruggt og styðjandi umhverfi þar sem þátttakendur fá tækifæri til að prófa fjölbreyttar íþróttir og afþreyingu, takast á nýjum áskorunum og njóta samverunnar.
Lögð er áhersla á að efla félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust, auk þess að byggja upp jákvæð tengsl innan hópsins og við starfsfólkið. Með svona klúbb er skapað vettvang þar sem stúlkurnar geta tekist á við óöryggi, upplifað árangur og fagnað litlu sem og stóru sigrunum saman.

Essið:

Í starfinu okkar bjóðum við upp á sértækt hópastarf sem kallast Essið. Essið er ætlað stelpum í 9. bekk og í því er lögð áhersla á að bætta sjálfsþekkingu, aukið sjálfstraust, skapandi skissuvinnu, skapandi skrif og bætta jákvæða sjálfsmynd. Essið byggir á Meistaraverkefni Kristínar Dóru Ólafsdóttur sem hún vann með hópi stelpna í Félagsmiðstöðinni Frosta árið 2019. Með þessu hópastarfi höfum við styrkt hóp unglingsstelpna félagslega, þær myndað ný tengsl hvor við aðra og sjálfstraust og öryggi þeirra aukist.

Klúbbastarf:

Í Frosta bjóðum við upp á ýmsa klúbba t.d. tónlistarklúbb, DJ klúbb, handavinnuklúbb og listaklúbb. Þessir klúbbar eru opnir öllum Hagskælingum og umsjónaraðilar klúbbanna eru til staðar til að aðstoða unglingana. Í þessum klúbbum leggjum við áherslu á sjálfstæð vinnubrögð og að styrkja listræna sköpun þeirra. Við hvetjum unglingana til að mæta með sín eigin verkefni sem við getum hjálpað þeim með. Unglingarnir sem hafa mætt í DJ klúbb Frosta hafa meðal annars fengið að DJ-a á Hagaskóla böllum.

Helstu dagsetningar

Ágúst

17. ágúst - Starfsfólk kemur til vinnu
28. ágúst - Starfsdagur unglingasviðs
31. ágúst - Skráningu lýkur fyrir starfsdaga

September

3. september – Haustfundur Tjarnarinnar
9.-10. september – Starfsdagar Samfés
14.-18. september – Hinsegin vikan
18.-20. september – Hinsegin Landsmót
28. september - Skráning lýkur fyrir Landsmót

Október

1. október - Fræðsla: Stafræn borgarvitund
5. október - Melaskóli 80 ára
9.-11. október - Landsmót Samfés
19.-21. október - Vika félagsmiðstöðva og ungmennahúsa
22.-26. október - Vetrarleyfi

Nóvember

6. nóvember - 8. bekkjarferð Frosta
9.-11. nóvember - Skrekkur - undankvöld
16. nóvember - Skrekkur - Úrslit
19. nóvember - Gott mál
20. nóvember - Rímnaflæði
25. nóvember - Tjarnarball

Desember

10. desember – Starfsdagur stjórnenda

Janúar

21. janúar - Fræðsla og fundur
22. janúar - Samfés Con

Febrúar

8.-11. febrúar - Vika 6
11. febrúar - Árshátíð nemenda í Hagaskóla
12.-13. febrúar - Skíðaferð Frosta
22.-23. febrúar - Vetrarleyfi
25. febrúar - Veisla og skipulagning sumars

Mars

5. mars – Danskeppni Samfés
10. mars - Söngkeppni Tjarnarinnar
16. mars - Hagó-Való

Apríl

1 apríl - Skráning í söngkeppni Samfés hefst
7.-8. apríl - Aðalfundur Samfés
19.-21. og 23. apríl - Barnamenningarhátíð

Maí

7. maí – SAMFEST
18. maí – Mögulegur starfsdagur stjórnenda

Júní

7. júní – Tengivika
10. júní - Skólaslit Hagaskóla